

**Frjálsi  
fjárfestingarbankinn hf.**

**Ársreikningur 2004**

Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.  
Ármúla 13a  
108 Reykjavík

Kt. 691282-0829

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn .....	3	Efnahagsreikningur .....	6
Áritun endurskoðenda .....	4	Yfirlit um sjóðstreymi .....	8
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

---

Ársreikningur bankans er samstæðureikningur móðurfélags og dótturfélags þess, Fasteignafélagsins Hlíðar ehf., sem er að fullu í eigu bankans, og er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð reikningsskila lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Hagnaður varð á rekstri bankans á árinu 2004 að fjárhæð 511 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og nam eigið fé hans í árslok 3.441 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórn bankans leggur til að ekki verði greiddur arður vegna ársins 2004, en að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Eiginfjárlutfall bankans sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálastofnanir er 33,4% en hlutfallið má lægst vera 8,0%.

Á árinu störfuðu að meðaltali 27 starfsmenn hjá bankanum og námu launagreiðslur námu samtals 162 millj. kr. á árinu. Að auki greiddi bankinn launatengd gjöld að fjárhæð 34 millj. kr.

Í árslok voru hluthafar 6. Einn hluthafi átti yfir 10% eignarhlut í bankanum en það er Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis sem átti 99,9% hlut.

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingarbankans hf. staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. febrúar 2005.

Stjórn Frjálsa fjárfestingarbankans hf.:

Guðmundur Hauksson  
formaður

Hildur Petersen

Kristján Harðarson

Lárus Sigurðsson

Ólafur Haraldsson

Framkvæmdastjóri:

Kristinn Bjarnason

# Áritun endurskoðenda

---

Til stjórnar og hluthafa Frjálsa fjárfestingarbankans hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Frjálsa fjárfestingarbankans hf. fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning bankans og dótturfélags hans. Hann greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 40. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum bankans og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á árinu 2004, efnahag hans 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 16. febrúar 2005.

Sigurður Jónsson

Reynir Stefán Gylfason

***KPMG Endurskoðun hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Vaxtatekjur:</b>			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir .....		4.717	12.617
Vaxtatekjur af útlánum .....		1.935.753	1.525.534
Vaxtatekjur af markaðsbréfum .....		0	185.728
	4	1.940.470	1.723.879
<b>Vaxtagjöld:</b>			
Vaxtagjöld til lánastofnana .....		435.142	335.627
Vaxtagjöld af lántöku .....		623.605	664.225
	4	1.058.747	999.852
Hreinar vaxtatekjur		881.723	724.027
<b>Aðrar rekstrartekjur:</b>			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum .....		0	24
Þjónustutekjur .....		67.028	62.953
Gengistap .....	15	( 394 )	( 2.553 )
Ýmsar rekstrartekjur .....	16	124.784	44.654
		191.418	105.078
Hreinar rekstrartekjur		1.073.141	829.105
<b>Önnur rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	18	195.525	170.485
Annar rekstrarkostnaður .....		82.233	59.288
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	9,32	7.058	5.997
		284.816	235.770
Framlag í afskriftareikning útlána .....	28	( 165.000 )	( 90.000 )
Hagnaður fyrir skatta		623.325	503.335
Tekjuskattur .....	37	( 112.199 )	36.102
<b>Hagnaður ársins</b> .....	38	511.126	539.437
<b>Hagnaðarhlutur:</b>			
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár .....	21	0,47	0,49

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	2004	2003
<b>Kröfur á lánastofnanir:</b>			
Bundnar kröfur á Seðlabanka Íslands .....		2.360	2.248
Kröfur á aðrar lánastofnanir .....		310.587	74.776
	22	<u>312.947</u>	<u>77.024</u>
<b>Útlán:</b>			
Útlán til viðskiptamanna .....		17.031.471	13.457.202
Fullnustueignir .....		50.319	67.653
	5-7, 23-28	<u>17.081.790</u>	<u>13.524.855</u>
<b>Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:</b>			
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum .....	29-30	171.232	32.160
Hlutir í hlutdeildarfélögum .....	31	552	552
	8	<u>171.784</u>	<u>32.712</u>
<b>Aðrar eignir:</b>			
Rekstrarfjármunir .....	9,32	36.816	40.738
Aðrar eignir .....		178.298	27.112
		<u>215.114</u>	<u>67.850</u>
		<u>17.781.635</u>	<u>13.702.441</u>
	<b>Eignir samtals</b>		

# 31. desember 2004

## Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2004	2003
<b>Skuldir við lánastofnanir</b> .....	35	<u>2.143.178</u>	<u>4.213.502</u>
<b>Lántaka</b> .....	36	<u>12.039.314</u>	<u>6.501.864</u>
<b>Aðrar skuldir</b> .....		<u>155.176</u>	<u>55.748</u>
<b>Tekjuskattsskuldbinding</b> .....	10,37	<u>2.575</u>	<u>1.062</u>
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutfé .....		1.096.702	1.096.702
Yfirverðsreikningur .....		142.445	142.445
Lögbundinn varasjóður .....		131.731	131.731
Óráðstafað eigið fé .....		<u>2.070.514</u>	<u>1.559.387</u>
Eigið fé samtals	38-39	<u>3.441.392</u>	<u>2.930.265</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u><u>17.781.635</u></u>	<u><u>13.702.441</u></u>

## Utan efnahagsreiknings:

Aðrar skuldbindingar .....

12,40

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins .....	38	511.126	539.437
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Framlag í afskriftareikning útlána .....	28	165.000	90.000
Tekjuskattsskuldbinding, breyting .....	37	1.513 (	224.564)
Aðrir liðir .....		374	5.692
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum.....		( 240.219)	51.032
Handbært fé frá rekstri		<u>437.794</u>	<u>461.597</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Bundið fé í Seðlabanka Íslands, breyting .....		( 112)	339.310
Kröfur á aðrar lánastofnanir, breyting .....		( 14.169)	84.295
Útlán, breyting .....		( 3.721.936) (	1.967.369)
Veltuskuldabréf, breyting.....		0	4.598.512
Fjárfestingarhlutabréf, breyting .....	29-30	( 139.072) (	32.160)
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum, breyting .....	31	0 (	552)
Keyptir rekstrarfjármunir .....	32	( 14.603) (	9.306)
Seldir rekstrarfjármunir .....		18.150	3.090
Fjárfestingarhreyfingar		<u>( 3.871.742)</u>	<u>3.015.820</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Skuldir við lánastofnanir, breyting .....		( 1.881.862) (	2.460.767)
Lántaka, breyting .....		5.537.450 (	990.050)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>3.655.588</u>	<u>( 3.450.817)</u>
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....		221.640	26.600
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>47.809</u>	<u>21.209</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....	11	<u>269.449</u>	<u>47.809</u>
<b>Aðrar upplýsingar:</b>			
Greiddir skattar .....		0	103.269
Arður af hlutabréfum .....		0	24



# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning bankans og dótturfélags hans, Fasteignafélagsins Hlíðar ehf, sem er að fullu í eigu bankans. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð reikningsskila lánastofnana. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.
2. Dótturfélög eru þau félög þar sem bankinn fer með yfirráð. Ársreikningur dótturfélags er innifalinn í samstæðureikningi bankans frá því yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2004. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir og útlánum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, lántökum og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

### *Útlán*

5. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2005 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2004.
6. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Bankinn leggur í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.
7. Bankinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði í ársreikningi bankans.

## Skýringar, frh.:

---

### **Markaðsverðbréf og eignarhlutir í öðrum félögum**

8. Verðbréf í eigu bankans eru eingöngu fjárfestingarhlutabréf. Til fjárfestingarhlutabréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs. Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða markaðsverði ef það er lægra.

### **Rekstrarfjármunir**

9. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húseignir .....	50 ár
Húsbúnaður .....	5 ár
Skrifstofuáhöld og tæki .....	3 - 5 ár

### **Tekjuskattsskuldbinding**

10. Tekjuskattsskuldbinding bankans er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

### **Handbært fé**

11. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 269 millj. kr. í árslok.

### **Afleiðusamningar**

12. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning bankans, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, samningar taka ekki gildi fyrir en á árinu 2005 eða nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikninga á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða markaðs- og útlánaáhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra geta meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Með afleiðusamningum bankans er almennt stefnt að því að draga úr gengisáhættu bankans. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrarreikning og efnahagsreikning. Samningar með jákvæða stöðu eru færðir til eignar með kröfum á lánastofnanir, en samningar með neikvæða stöðu meðal skulda við lánastofnanir.

Markaðsáhætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa. Útlánaáhætta endurspeglar tap sem bankinn yrði fyrir ef mótaðili í afleiðusamningi gæti ekki efnt sinn hluta hans.

Framvirkir samningar um gjaldmiðla eru færðir í ársreikning bankans á markaðsvirði í árslok.

## Skýringar, frh.:

---

### Alþjóðleg reikningskil

13. Bankinn mun í samræmi við reglur um birtingu ársreikninga skráðra félaga í Kauphöll Íslands breyta reikningskilum sínum til samræmis við alþjóðlegar reglur um gerð reikningsskila. Ekki liggur fyrir hvenær félög með skráð skuldabréf í Kauphöllinni þurfa að uppfylla alþjóðlegar kröfur í þessu sambandi en samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins hafa þessi félög heimild til að fresta innleiðingu staðlanna til ársins 2007. Bankinn hefur hafið undirbúning að þessum breytingum.

### Vaxtagjöld

14. Vaxtagjöld af lántökum sundurliðast þannig:	2004	2003
Verðbréfaútgáfa .....	613.323	653.524
Víxilútgáfa .....	5.082	5.617
Önnur lántaka .....	5.200	5.084
Samtals .....	<u>623.605</u>	<u>664.225</u>

### Aðrar rekstrartekjur

15. Gengistap sundurliðast þannig:		
Gengishækkun veltuhlutabréfa .....	0	340
Gjaldeyrstengdar eignir og skuldir .....	( 394)	( 2.893)
Samtals .....	<u>( 394)</u>	<u>( 2.553)</u>
16. Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:		
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....	6.684	339
Aðrar tekjur .....	118.100	44.315
Samtals .....	<u>124.784</u>	<u>44.654</u>

### Önnur rekstrargjöld

17. Starfsmannafjöldi bankans er sem hér segir:		
Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu umreiknaður í heilsársstörf .....	27	23
Stöðugildi í árslok .....	28	24

## Skýringar, frh.:

18.	Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2004	2003
	Laun .....	161.974	142.777
	Launatengd gjöld .....	33.551	27.707
	Samtals .....	<u>195.525</u>	<u>170.484</u>
19.	Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:		2004
	Framkvæmdastjóri:		
	Kristinn Bjarnason .....		20.449
	Stjórnarmenn:		
	Guðmundur Hauksson, formaður .....		1.662
	Ólafur Haraldsson .....		831
	Árni Þór Sigurðsson .....		831
	Óskar Magnússon .....		560
	Arnar Bjarnason .....		411
	Jón G. Tómasson .....		201
	Samtals .....		<u>24.945</u>
20.	Þóknun til endurskoðenda félagsins sundurliðast þannig:	2004	2003
	Endurskoðun ársreiknings .....	2.421	2.280
	Könnun árshlutareikninga .....	947	928
	Önnur þjónusta .....	229	476
	Samtals .....	<u>3.597</u>	<u>3.684</u>

## Hagnaðarhlutur

21.	Útreikningur hagnaðarhlutar byggir á hagnaði og vegnu meðaltali hlutafjár í árslok:		
	Hagnaður samkvæmt ársreikningi .....	511.126	539.437
	Vegið meðaltal hlutafjár .....	1.096.706	1.096.702
	Hagnaðarhlutur á hverja krónu hlutafjár .....	0,47	0,49

## Sjóður og kröfur á lánastofnanir

22.	Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:		
	Gjaldkræfar kröfur .....	269.449	47.809
	Allt að 3 mánuðir .....	41.138	26.967
	Bundnar kröfur í Seðlabanka Íslands samkvæmt reglum um bindiskyldu .....	2.360	2.248
	Samtals .....	<u>312.947</u>	<u>77.024</u>

## Skýringar, frh.:

### Útlán

23. Útlán til viðskiptamanna flokkast þannig eftir útlánsformum:	2004	2003
Skuldabréf .....	14.283.992	9.259.386
Aðrir greiðslusamningar.....	2.747.479	4.197.816
Samtals .....	<u>17.031.471</u>	<u>13.457.202</u>
24. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig eftir lántakendum:		
Atvinnugreinar:		
Verslun og þjónusta .....	15,4%	14,6%
Sjávarútvegur og landbúnaður .....	0,7%	0,9%
Iðnaður og verktakar .....	21,6%	25,6%
Annað .....	0,3%	0,5%
Einstaklingar .....	62,0%	58,4%
Samtals .....	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
25. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:		
Gjaldkræft .....	137.836	136.455
Allt að 3 mánuðir .....	552.233	610.328
Yfir 3 mánuðir og allt að ári .....	4.404.489	3.924.306
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	5.581.810	2.528.339
Yfir 5 ár .....	6.355.103	6.257.774
Samtals .....	<u>17.031.471</u>	<u>13.457.202</u>
26. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði og sundurliðast þannig:		
Fasteignir .....	48.282	64.056
Lausafjármunir .....	2.037	3.597
Samtals .....	<u>50.319</u>	<u>67.653</u>
27. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í árslok greinist þannig:		
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir .....	593.221	120.879
Sérstakur afskriftareikningur útlána .....	( 182.143 )	( 51.835 )
Afskriftalán að fráregnum sérstökum afskriftareikningi .....	411.078	69.044
Önnur vaxtafryst útlán .....	663.419	724.223
Óvaxtaberandi útlán samtals .....	<u>1.074.497</u>	<u>793.267</u>

## Skýringar, frh.:

28. Afskriftareikningur útlána er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi og breyting á reikningnum greinist þannig:

	Afskriftareikningur		2004	2003
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun .....	51.835	259.409	311.244	264.091
Framlag í afskriftareikning á árinu .....	163.372	1.628	165.000	90.000
Endanlega töpuð útlán .....	( 33.064)	0	( 33.064)	( 42.846)
Afskriftareikningur útlána í árslok .....	<u>182.143</u>	<u>261.037</u>	<u>443.180</u>	<u>311.245</u>
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum .....	1,1%	1,5%	2,6%	2,3%

## Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

29. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Veltuhlutabréf:		
Óskráð hlutabréf .....	48.250	<u>109.649</u>
Fjárfestingarhlutabréf:		
Óskráð hlutabréf .....	61.583	<u>61.583</u>
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samtals .....		<u>171.232</u>

30. Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

	Eignarhluti	Nafnverð	Bókfært verð
Hótel Borg ehf. ....	41,1%	60.583	60.583
Rekstrarfélag Spron hf. ....	9,1%	1.000	<u>1.000</u>
Fjárfestingarhlutabréf samtals .....			<u>61.583</u>

31. Hlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópavogi .....	552	<u>552</u>

## Skýringar, frh.:

### Rekstrarfjármunir

32. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir	Húsbúnaður skrifstofuáhöld og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2004 .....	9.068	40.394	49.462
Viðbót á árinu .....	0	14.602	14.602
Selt á árinu .....	( 9.068 )	( 4.853 )	( 13.921 )
Heildarverð 31.12.2004 .....	0	50.143	50.143
Afskrifað áður .....	226	8.498	8.724
Afskrifað á árinu .....	166	6.892	7.058
Selt á árinu .....	( 392 )	( 2.063 )	( 2.455 )
Afskrifað samtals .....	0	13.327	13.327
Bókfært verð 31.12.2004 .....	0	36.816	36.816
Afskriftahlutföll .....	2%	0-20%	

Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 56,6 millj. kr. í árslok.

### Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

33. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 13.117 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 10.774 millj. kr.
34. Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 1.122 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 1.084 millj. kr. Með eignum og skuldum í þessu sambandi eru taldir gjaldmiðlasamningar sbr. skýringu nr. 40.

### Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2004	2003
Allt að 3 mánuðir .....	602.536	1.611.644
Yfir 3 mánuðir og að 1 ári .....	174.351	1.218.534
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	1.366.292	1.383.324
Samtals .....	2.143.179	4.213.502

## Skýringar, frh.:

### Lántaka

36. Lántaka bankans skiptist þannig:	2004	2003
Verðbréfaútgáfa .....	9.232.830	6.501.864
Önnur lántaka.....	2.806.484	0
Samtals .....	<u>12.039.314</u>	<u>6.501.864</u>

Af framangreindum fjárhæðum koma 1.071 millj. kr. til greiðslu innan árs.

### Reiknaðar skuldbindingar

37. Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2004 .....	1.062
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2004 .....	112.199
Tekjuskattur samskattaður með móðurfélagi .....	( 110.686)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2004 .....	<u>2.575</u>

Tekjuskattsskuldbinding bankans skiptist þannig í einstaka liði efnahagsreiknings:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	<u>2.575</u>
Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2004 .....	<u>2.575</u>

### Eigið fé

38. Samkvæmt samþykktum bankans nemur heildarhlutafé hans 1.215 millj. kr. í árslok. Eigin hlutabréf námu 118 millj. kr. í árslok og er hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi því 1.097 millj. kr.

Yfirlit um eigið fé:	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2004 .....	1.096.702	142.445	131.731	1.559.388	2.930.266
Hagnaður ársins .....				511.126	511.126
Eigið fé 31.12.2004 .....	<u>1.096.702</u>	<u>142.445</u>	<u>131.731</u>	<u>2.070.514</u>	<u>3.441.392</u>



## Skýringar, frh.:

---

39. Eigið fé í árslok nemur 3.441 millj. kr. eða 19,4% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall bankans sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálastofnanir, er 33,4% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða	
		2004	2003
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir .....	17.781.635	10.306.316	11.126.052
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings .....		8.134	8.557
Áhættugrunnur samtals .....		<u>10.314.450</u>	<u>11.134.609</u>
Eigið fé:			
Bókfært eigið fé .....		3.441.392	2.930.265
Eigið fé samtals .....		<u>3.441.392</u>	<u>2.930.265</u>
Eiginfjárlutfall .....		33,4%	26,3%

## Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

40. Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. hefur gert gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga við viðskiptamenn sína sem greinast þannig:

		2004	2003
Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:			
Eignir í íslenskum krónum .....		1.037.328	1.083.141
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum .....		988.597	1.056.173

Með framangreindum samningum er að því stefnt að draga úr gengis- og vaxtaáhættu bankans. Áhætta bankans vegna þessara samninga felst í gengis- og vaxtamun, en áhættan í lok tímabilsins er jafngild útlánum að fjárhæð 41 millj. kr. við mat á eiginfjárlutfalli bankans samkvæmt gildandi reglum.